

14
20. febr.

Auglýsing um póstmál.

Það auglýsist hér með almenningi, að eptir að 4 fyrstu ferðum aðal-
póstanna er lokið á þessu ári, verða þær breytingar á póstgöngunum, er hér
segir:

- A. Að aðalpóstferðum vestanpóstins milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, norðan-
póstins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstins milli Ak-
ureyrar og Seyðisfjarðar verður fjölgað um tvær ferðir á ári (úr 12 í 14),
og aukapóstferðum þeim, er standa í sambandi við þær, fjölgað að sama
skapi. Tvískipting sú, sem hingað til hefur verið á þessum aðalpóstferðum
að vetrinum til, verður framvegis allt árið.
- B. Aðalpóstleiðin um Húnavatnssýslu milli Sveinsstaða og Bólstaðarhlíðar verð-
ur um Blönduós.
- C. Að teknar verða upp nýjar aukapóstferðir og lengdar aukapóstferðir, sem
nú eru, svo sem nú skal greina:

Í Gullbringusýslu:

1. Aukapóstferðin frá Reykjavík að Útskálum verður lengd að Hvalsnesi.
2. Ný aukapóstferð verður tekin upp frá Keflavík, eptir komu Gullbringu-
sýslupóstins þangað, um Kirkjuvog, Tóptir í Grindavík, Vogsósa og
Þorlákshöfn til Eyrarbakka og sömu leið aptur.

Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

3. Frá Arnarholti, eptir komu vestanpóstins frá Reykjavík, ný aukapóstferð
um Reykholt að Gilsbakka og beina leið aptur að Arnarholti.

Í Snæfellsnessýslu.

4. Frá Stykkishólmi ný aukapóstferð, eptir komu Dalasýslupóstins þangað
frá Stað í Hrútafirði, um Grundarfjörð til Ólafsvíkur og sömu leið aptur.

Í Barðastrandarsýslu.

5. Frá Flatey að Brjámslæk á Barðaströnd, 4 nýjar aukapóstferðir á ári
eptir komu aukapóstins úr Stykkishólmi til Flateyjar.
6. Aukapóstferðin frá Bæ í Króksfirði að Bildudal lengist að Rafnseyri við
Arnarfjörð.
7. Ný aukapóstferð tekst upp frá Bæ í Króksfirði, eptir komu vestanpóstins
þangað frá Ísafirði, að Stað í Hrútafirði: Snýr pósturinn þaðan apt-
ur að Bæ eptir komu norðanpóstins frá Akureyri, og er ætlazt til, að
hann sje kominn að Bæ, áður en vestanpósturinn leggur upp þaðan
vestur á Ísafjörð.

Í Ísafjarðarsýslu.

8. Frá Arngerðareyri ný aukapóstferð, eptir komu vestanpóstins þangað
frá Ísafirði, að Kálfanesi í Steingrímsfirði, fram og aptur.
9. Milli Ísafjarðar og Botns í Súgandafirði verða farnar 6 nýjar aukapóst-
ferðir á ári.

10. Aukapóstferðin milli Ísafjarðar og Þingeyrar lengist að Rafnseyri við Arnarfjörð.

14
20. febr.

Í Strandasýslu.

11. Aukapóstferðin frá Stað í Hrútafirði að Kúvíkum í Reykjarfirði lengist að Árnesi í Trjeykylisvík.
12. Frá Bæ í Króksfirði tekst upp ný aukapóstferð að Kálfanesi í Steingrímsfirði eptir komu aðalpóstsins frá Hjarðarholti.

Í Húnavatnssýslu.

13. Frá Sveinsstöðum ný aukapóstferð, eptir komu aðalpóstsins frá Stað í Hrútafirði, að Auðkúlu í Svínadal, fram og aptur.
Aukapósturinn út á Skagaströnd fer frá Blönduósi, en ekki frá Sveinsstöðum.

Í Skagafjarðarsýslu.

14. Aukapóstferðin frá Víðimýri að Lýtingsstöðum lengist að Goðdölum.
15. Frá Sauðárkrók að Hvammi í Laxárdal, ný póstferð fram og aptur eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri.
16. Eptir komu sama pósts að Lóni, ný aukapóstferð þaðan að Hólum í Hjaltadal fram og aptur.

Í Eyjafjarðarsýslu.

17. Aukapóstferðin frá Akureyri að Tjörn í Svarfadhaldal lengist um Reyki í Olafsfirði að Hraunum í Fljóttum.
18. Frá Akureyri ný aukapóstferð eptir komu norðanpóstsins frá Stað í Hrútafirði, um Hrafnagil að Saurbæ og sömu leið aptur.

Í Þingeyjarsýslu.

19. Aukapóstferðin frá Akureyri að Grýtubakkka lengist að Þönglabakka.

Í Norður-Múlasýslu.

20. Milli Fossvalla og Hákonarstaða ný aukapóstferð eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri að Fossvöllum.
21. Frá Höfða ný aukapóstferð, eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri, um Ás í Fellum að Valbjófsstað og sömu leið aptur.
22. Aukapóstferðin frá Höfða að Hjaltastað lengist að Kirkjubæ í Hróars-tungu.

23. Vopnafjarðarpósturinn leggur framvegis upp frá Seyðisfirði svo tímanlega, að hann sje kominn að Höfða áður en norðanpósturinn kemur þangað frá Akureyri, fari eptir komu hans um Bót og Fossvelli til Vopnafjarðar og sömu leið aptur á Seyðisfjörð.

24. Frá Seyðisfirði eptir komu aðalpóstsins þangað ný aukapóstferð um Stakkahlíð í Loðmundarfirði að Desjarmýri.

Í Suður-Múlasýslu.

25. Frá Seyðisfirði ný aukapóstferð, eptir komu aðalpóstsins, að Brekku í Mjóafirði fram og aptur.
26. Frá Eskifirði ný aukapóstferð, eptir komu aðalpóstsins frá Bjarnanesi, að Skorrastað í Norðfirði fram og aptur.

14

20. febr.

Í Skaptafellssýslu.

27. Frá Prestsbakka á Síðu ný aukapóstferð, eptir komu aðalpóstsins frá Odda, að Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu:

28. Frá Odda ný aukapóstferð, eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Stórolfshvol að Teigi í Fljótshlíð og sömu leið aptur.
29. Frá Ási í Holtum ný aukapóstferð, eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, að Skarði á Landi fram og aptur.

Í Árnassýslu:

30. Í stað aukpóstferðarinnar frá Hraungerði að Búrfelli kemur aukapóstferð frá Hraungerði um Arnarbæli í Grímsnesi og Mosfell að Torfastöðum og sömu leið aptur.
41. Frá Kotströnd í Ölfusi eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík ný aukapóstferð að Úlfljótsvatni í Grafningi, fram og aptur.
D. Að á Þingeyri við Dýrafjörð verður stofnuð póstaðgreiðsla í stað brjefhirðingar þeirrar, er þar hefur verið hingað til.
E. Að þessir verða nýir brjefhirðingarstaðir:

- | | | |
|--|---|----------------------|
| 1. á Hvalsnesi á Miðnesi | } | í Gullbringusýslu. |
| 2. - Kirkjuvogi í Höfnum | | |
| 3. - Tóptum í Grindavík | | |
| 4. - Reykholti í Borgarfirði, | | |
| 5. - Gilsbakka í Hvítársíðu í Mýrasýslu, | | |
| 6. - Grundarfirði í Snæfellsnessýslu, | | |
| 7. - Arngerðareyri | } | í Ísafjarðarsýslu. |
| 8. - Snæfjöllum | | |
| 9. - Botni í Súgandafirði | | |
| 10. - Mýrum í Dýrafirði | | |
| 11. - Rafnseyri í Arnarfirði | | |
| 12. - Kollafjarðarnesi í Strandasýslu, | | |
| 13. - Auðkúlu í Svinadal í Húnavatnssýslu. | | |
| 14. - Mælifelli | } | í Skagafjarðarsýslu. |
| 15. - Goðdölum | | |
| 16. - Hvammi í Laxárdal | | |
| 17. - Hólum í Hjaltadal | | |
| 18. - Hraunum í Fljótum | | |
| 19. - Reykjum í Ólafsfirði | } | í Eyjafjarðarsýslu. |
| 20. - Hrafnagili | | |
| 21. - Saurbæ | | |
| 22. - Þönglabakka í Þingeyjarsýslu. | | |

23. - Hákonarstöðum
 24. - Ási í Fellum
 25. - Valþjófsstað
 26. - Kirkjubæ í Hróarstungu
 27. - Fossvöllum
 28. - Stakkahlíð í Loðmundarfirði
 29. - Desjarmýri
 30. - Skorrastað
 31. - Brekku í Mjóafirði
 32. - Búðareyri við Reyðarfjörð
 33. - Starmýri í Álptafirði
 34. - Hólmi á Mýrum í Austur-Skaptafellssýslu,
 35. - Borgarfelli í Skaptártungu í Vestur-Skaptafellssýslu,
 36. - Seljalandi undir Eyjafjöllum
 37. - Teigi í Fljótshlíð
 38. - Skarði á Landi
 39. - Arnarbæli í Grímsnesi
 40. - Mosfelli - —
 41. - Torfastöðum í Biskupstungum
 42. - Úlfjótuvatni í Grafningi
 43. - Vogsósum í Selvogi;

} í Norðurmúlasýslu,

} í Suðurmúlasýslu,

} í Rangárvallasýslu,

} í Árnessýslu.

en aptur leggjast þessar brjefhirðingar niður:

1. á Vatnsfirði í Ísafjardarsýslu,
2. - Reykjum í Húnavatnssýslu,
3. - Lýtingsstöðum í Skagafjardarsýslu,
4. - Hrafnabjörgum og
5. - Hjaltastað í Norðurmúlasýslu.
6. - Búrfelli í Grímsnesi í Árnessýslu.

Reykjavík 20. febrúar 1892.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

2. dag marzmán. 1892.

Reykjavík, Prentsmíðja Ísafoldar 1892.